

Afgreidd mál

1. Reikningur Bændasamtaka Íslands

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2011

Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ fyrir árið 2011

Búnaðarþing 2011 samþykkir fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ eins og hún liggur fyrir.

Sveinn Ingvarsson, Guðmundur Bjarnason,
Guðni Einarsson.

3. Nýting Bændahallar og aðsetur Bændasamtaka Íslands

Erindi Landssambands kúabænda

Markmið

Búnaðarþing 2011 leggur áherslu á að leitað verði leiða til að auka, eftir því sem unnt er, nýtingu og arðsemi þeirra fjármuna Bændasamtaka Íslands sem bundnir eru í Bændahöllinni.

Leiðir

Kannaðir verði til hlítar kostir þess að taka alla þriðju hæð Bændahallar undir hótelrymi. Jafnframt verði skoðað hvort hagkvæmt sé að flytja starfsemi BÍ að hluta eða öllu leiti annað, t.d. í ónýtta aðstöðu hjá öðrum samtökum eða félagum bænda.

Framgangur

Stjórn Bændasamtaka Íslands vinni að málinu og skili greinargerð eða aðgerðaráætlun fyrir búnaðarþing 2012.

Greinargerð

Miklu skiptir að á hverjum tíma sé stuðlað að sem bestri nýtingu og arðsemi þeirra fjármuna sem samtök bænda hafa yfir að ráða. Slíkt á jafnt við um fasteignir sem lausafé. Verulegur hluti fjármuna Bændasamtaka Íslands er nú bundinn í eignarhlut þeirra í Bændahöllinni, sem að stærstum hluta er nýtt undir starfsemi Hótel Sögu. Á síðasta áratug var mikil umræða um að Bændasamtökin seldu þessa eign frá sér og var talsvert unnið í því máli, þó ekki yrði af sölu. Minna hefur síðan farið fyrir þessari umræðu allra síðustu ár, enda aðstæður til sölu trúlega verulega óhagstæðari en þá var. Eftir sem áður er mikilvægt að leita allra þeirra leiða sem færar eru til að auka arðsemi BÍ af þessari eign. Ein þeirra leiða sem til greina koma í þessu efni, er að allt húsrýmið verði nýtt undir starfsemi hótelsins. Nú bendir margt til að verulegur vöxtur verði í ferðþjónustu hérlendis næstu ár og því hlýtur þessi kostur að verða áleitnari. Þessu fylgir að sjálfsögðu að finna þarf nýtt aðsetur fyrir starfsemi samtakanna og ættu þar einnig að geta falist möguleikar til hagræðingar. Sérstaklega er ástæða til að skoða möguleika á að nýta aðstöðu, sem þegar er til staðar og er í eigu annarra samtaka eða félaga bænda, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Niðurstaða: Málið kemur ekki úr nefnd.

4. Sameining ráðuneyta

1. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til búnaðarþings 2011 að mótmæla harðlega öllum hugmyndum um sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvegaráðuneyti.

Mikilvægt er að treysta faglegt starf og sérhæfingu þeirra ráðuneyta sem fara með málefni grunnatvinnuvega þjóðarinnar.

2. Erindi Landssamtaka Sauðfjárbænda

Markmið

Búnaðarþing ítrekar mótmæli sín við fyrirhugaða sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneytið.

Leiðir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið er það ráðuneyti sem fer með málefni þeirra greina sem eru meginstoðir atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins. Mikil hagsmunabarátta er framundan og því er sameining þessara ráðuneyta ekki á nokkurn hátt tímabær. Forsætisráðherra hefur boðað að málið verði flutt á ný á vorþingi en rökin gegn því eru óbreytt.

Fyrstu skref

Ályktun send til forsætisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

3. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 mótmælir eindregið fyrirhugaðri sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis við iðnaðarráðuneytið.

Ályktun

Sameining ráðuneyta

Markmið

Búnaðarþing 2011 mótmælir fyrirbyggjandi hugmyndum um sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Hins vegar eru samtök bænda tilbúin til viðræðna um tilfærslu verkefna sem leitt geta til hagræðingar og skilvirkari stjórnsýslu, enda verði þær breytingar gerðar í fullu samráði og sátt við viðkomandi atvinnugrein.

Leiðir

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið fer með málefni þeirra atvinnugreina sem eru meginstoðir atvinnulífs í dreifðum byggðum landsins. Sérstök atvinnuvegaráðuneyti tryggja nánari tengsl viðkomandi atvinnugreina við stjórnsýsluna og færa hana nær grasrótinni.

Framgangur máls

Búnaðarþing 2011 felur stjórn BÍ að kynna ályktun Búnaðarþings fyrir forsætisráðherra, fjármálaráðherra, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ásamt því að vinna ályktuninni brautargengi.

Gústaf Jökull Ólafsson, Jóhann Ragnarsson,
Marteinn Njálsson, Pétur Diðriksson,
Skúli Þórðarson, Smári Borgarsson,
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson, Jóhannes Sigfússon.

5. Mál dregið til baka

6. Viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara

Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2011 skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir að unnar verði sem fyrst viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara með tilliti til áhrifa á búfé og gróður.

Greinargerð

Á liðnum árum hefur verið unnið skipulega að ýmsum almannavarnarmálum með tilliti til náttúruhamfara. Meðal annars hafa verið unnar rýmingaráætlanir fyrir ákveðin svæði og haldnar æfingar fyrir íbúa. Í upphafi náttúruhamfaranna í Eyjafjallajökli kom í ljós að engin viðbragðsáætlun var til vegna búfjár og

gróðurs. Búnaðarsamband Suðurlands fór þá í samvinnu við heimamenn og aðra aðila og skipulagði flutning búfjár af svæðinu eftir því sem þörf var talin á.

Mikilvægt er að byggja á reynslu þeirra aðila sem komu að vinnu vegna eldgossins í Eyjafjallajökli við gerð viðbragðsáætlunar vegna búfjár og gróðurs. Starfshópur sem skipaður var í upphafi eldgossins á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins gæti gegnt lykilhlutverki í þessu sambandi.

Ályktun

Viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara

Markmið

Búnaðarþing 2011 skorar á ríkisstjórn Íslands að láta vinna viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara með tilliti til áhrifa á búsetuskilyrði, búfé, gróður o.fl.

Leiðir

Á liðnum árum hefur verið unnið skipulega að ýmsum almannavarnarmálum með tilliti til náttúruhamfara. Meðal annars hafa verið unnar rýmingaráætlanir fyrir ákveðin svæði og haldnar æfingar fyrir íbúa. Í upphafi náttúruhamfaranna í Eyjafjallajökli kom í ljós að engin viðbragðsáætlun var til vegna búfjár og gróðurs. Búnaðarsamband Suðurlands tók því frumkvæðið í þeim málum, í samvinnu við heimamenn og aðra aðila, og skipulagði flutning búfjár af svæðinu eftir því sem þörf var talin á. Sú reynsla sem þar fékkst er gott veganesti til áframhaldandi vinnu.

Framgangur máls

Ríkisvaldið skipi starfshóp sem vinni tillögur að viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara með tilliti til áhrifa á búsetuskilyrði, búfé, gróður o.fl.

Gústaf Jökull Ólafsson, Jóhann Ragnarsson,
Marteinn Njálsson, Pétur Díðriksson,
Skúli Þórðarson, Smári Borgarsson,
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson, Jóhannes Sígfússon.

7. Eldgosið í Eyjafjallajökli – afleiðingar á heilsufar manna og dýra

Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2011 vill koma á framfæri þökkum til stjórnvalda fyrir mikinn stuðning og velvilja gagnvart íbúum á áhrifasvæði eldgossins í Eyjafjallajökli. Búnaðarþing leggur áherslu á mikilvægi þess að stutt verði vel við bakið á þeim stofnunum sem fylgjast með afleiðingum gossins á heilsufar manna og dýra.

Greinargerð

Fylgst er með afleiðingum gossins á búfénað og gróður skv. áætlun sem gerð var af stofnunum sem að málinu koma s.s. Bssl, Landbúnaðarháskólinn, Mast og Keldur. Mikilvægt er að þessum aðilum verði tryggt nægt fjármagn til nauðsynlegra rannsókna.

Ályktun

Eldgosið í Eyjafjallajökli – afleiðingar á heilsufar manna og dýra

Markmið

Búnaðarþing 2011 leggur áherslu á að fylgst verði áfram með afleiðingum eldgossins á Suðurlandi, á síðasta ári, á heilsufar manna og dýra. Ásamt því að huga til framtíðar að sambærilegum tilvikum sem upp kunna að koma.

Leiðir

Búnaðarþing 2011 felur stjórn BÍ, í samráði við stjórnvöld, að koma á verkáætlun sem miði að því að meta afleiðingar eldgossins á heilsufar manna og dýra og hollustu afurða. Hlutverk einstakra stofnana verði skilgreint, ásamt því að ríkisvaldið tryggi viðkomandi eftirlits- og rannsóknastofnunum fjármagn til þess starfs.

Framgangur máls

Unnið verði eftir verkáætlun stjórnvalda.

8. Mótun framtíðarstefnu í landbúnaðarmálum á Íslandi

1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Í framtíðarstefnu stjórnvalda til 2020 er áætlað að auka íslenska matvælaframleiðslu um 10%. Hvernig ætla íslenskir bændur að gera það og hvaða umhverfi ætla íslensk stjórnvöld að skapa þeim? Mikilvægt er að móta framtíðarsýn fyrir íslenskan landbúnað þar sem að meginmarkmiðið er að tryggja fæðuöryggi Íslendinga til framtíðar, þar sem landbúnaður er stundaður í sátt við umhverfi sitt. Mikilvægt er að landbúnaðurinn nýti sín fjölmörgu tækifæri til framleiðslu matar í heimi þar sem fólksfjöldun er vaxandi vandamál.

2. Erindi Samtaka ungra bænda

Markmið

Að mótuð verði stefna í landbúnaðarmálum á Íslandi sem stuðla mun að eflingu atvinnugreinarinnar í heild sinni. Landbúnaður er undirstöðuatvinnugrein í hinum dreifðu byggðum landsins þrátt fyrir mikla fækkun bænda. Það er þó áhyggjuefni að engin heildstæð landbúnaðarstefna hefur verið sett upp til að mæta þessari þróun eða bjóða upp á nýjar úrlausnir til mótvægis við samdrátt í hinum hefðbundnari greinum landbúnaðarins. Skortur á nýliðun í landbúnaði er áhyggjuefni sem brýnt er að bændur og stjórnvöld bregðist við. Frumkvæði bænda að mótun framtíðarstefnu fyrir íslenskan landbúnað væri yfirlýsing um að forysta bænda hafi trú á að fjölbreyttur og öflugur landbúnaður sé mikilvægur hluti af sterkri búsetu og öflugri atvinnustarfsemi á landsbyggðinni. Framtíðarmarkmið verði að tryggja skynsamlega nýtingu auðlinda sem felst annars vegar í landbúnaðarlandi og hins vegar í þeirri menntun, þekkingu og krafti sem býr í ungu fólki sem hefur menntað sig á sviði landbúnaðar og er tilbúið að styrkja búsetu og atvinnu á landsbyggðinni.

Leiðir

Þingið feli stjórn BÍ að hafa frumkvæði að mótun öflugrar íslenskrar landbúnaðarstefnu.

Fyrstu skref

Bændasamtökin, sem fulltrúar starfandi bænda, standi að umræðuvettvangi þar sem fulltrúar mismunandi hópa og sjónarmiða koma saman allt þannig að hægt verði að nálgast málefnið á breiðum grunni. Hér þurfa raddir ungra bænda einnig að heyrast sem og sjónarmið sprotagreina, nýsköpunargreina, úrvinnslugreina og annara aðila sem á einn eða annan hátt hafa hag af öflugri atvinnustarfsemi á landsbyggðinni.

Ályktun

Mótun framtíðarstefnu í landbúnaðarmálum á Íslandi

Markmið

Mikilvægt er að Bændasamtök Íslands móti framtíðarstefnu fyrir íslenskan landbúnað þar sem markmiðið er að tryggja fæðuöryggi Íslendinga til framtíðar og nýta þau fjölmörgu tækifæri sem íslenskur landbúnaður býður upp á til framleiðslu matvæla og atvinnusköpunar.

Leiðir

Stjórn BÍ hlutist til um að öll búgreinafélög fari í stefnumótunarvinnu sambærilega og LK og LS vinna nú að, ásamt samantekt á stefnumótandi gögnum sem þegar liggja fyrir.

Framgangur máls

Bændasamtökum Íslands er falið að halda utan um og vera samnefnari fyrir þessa vinnu. Áfangaskýrslu verði skilað til Búnaðarþings 2012.

Gústaf Jökull Ólafsson, Jóhann Ragnarsson,
Marteinn Njálsson, Pétur Diðriksson,

Skúli Þórðarson, Smári Borgarsson,
Sveinbjörn Þ. Sigurðsson, Jóhannes Sigfússon.

9. Orkukostnaður í dreifbýli

1. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 mótmælir harðlega miklum mun á raforkuverði eftir landsvæðum. Gríðarlegar hækkanir hafa orðið á dreifingu raforku undangengin ár, allt að 100% á 5 árum. Niðurgreiðslur hafa lækkað, hætt er að endurgreiða virðisaukaskatt af raforku til húshitunar og lagður hefur verið á nýr skattur á raforku.

Búnaðarþing krefst þess að niðurgreiðslur á köldum svæðum verði auknar til að tryggja jöfnuð í raforkuverði. Auk þess verði oftekin innheimta Landsnets endurgreidd til notenda hið fyrsta.

2. Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Markmið

Búnaðarþing 2011 ítrekar ályktanir Búnaðarþings 2010 varðandi ójöfnuð milli dreifbýlis og þéttbýlis á orkukostnaði og sífellt hækkandi raforkuverði í landinu.

Leiðir

Mikilvægt er að tryggja jöfnuð orkuverðs um landið til að byggð og fyrirtækjarekstur hafi jöfn tækifæri óháð staðsetningu. Veittur verði aukinn stuðningur við mat og þróun á hagkvæmni lítilla rafstöðva í dreifbýli. Jafnframt verði stórlega aukið við stuðning í leit að heitu vatni og þróun hagkvæmra lausna á nýtingu þess sem víðast um dreifðar byggðir landsins. Þar til svo verður þarf að tryggja tilfærslu fjármuna á milli kaldra og heitra svæða til jöfnunar á húshitunarkostnaði. Ráðist verði í kynningarátak á kostum og göllum notkunar varmadæla við upphitun á húsnæði.

Framgangur

Ályktun send til stjórnar Bændasamtaka Íslands.

Ályktun

Markmið

Búnaðarþing 2011 telur ójöfnuð milli dreifbýlis og þéttbýlis á raforkukostnaði vera algjörlega óásættanlegan. Búnaðarþing krefst þess að markmiðum raforkulaga nr. 65/ 2003 um að efla atvinnulíf og byggð í landinu öllu verði fylgt.

Leiðir

Tryggja verður jöfnun raforkuverðs um land allt til að einstaklingar og fyrirtæki hafi jöfn tækifæri óháð staðsetningu.

Greiðslur til jöfnunar hafa lækkað, hætt er að endurgreiða virðisaukaskatt af raforku til húshitunar og lagður hefur verið á nýr skattur á raforku. Heimildir raforkulaga til að niðurgreiða dreifingarkostnað eru í dag ekki nýttar nema að u.þ.b. fjórðungi.

Framgangur máls

Búnaðarþing 2011 felur stjórn BÍ að leita samstarfs við aðra hagsmunaaðila til þess að beita ríkisstjórn og Alþingi þrýstingi til að jafna raforkuverð um allt land.

10. Upplýsingagjöf um laga- og reglugerðarbreytingar

Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Markmið

Búnaðarþing 2011 skorar á Bændasamtök Íslands að frumvörp til laga, reglugerðir og breytingar og endurskoðanir á lögum og reglugerðum komi til búnaðarsambanda til kynningar, upplýsingar og

umsagnar.

Leiðir

Nauðsynlegt er, þegar lög og reglugerðir berast frá löggjafanum til umsagnar hjá heildarsamtökum bænda, að þau hljóti einnig kynningu út í búnaðarsamböndunum. Þannig fæst skoðun frá fleiri sjónarhornum, grasrótinni gefst kostur á koma athugasemdum á framfæri og um leið verður hún meðvitaðri um þá löggjöf sem verið er að setja hverju sinni.

Því miður er algengt að breytingar á lögum og reglugerðum fari framhjá stjórnendum, starfsmönnum og félagsmönnum búnaðarsambanda sem er bagalegt.

Framgangur

Ályktun send til Bændasamtaka Íslands.

Niðurstaða: Erindi kemur ekki úr nefnd

11. Leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnespings

Markmið

Tryggja markvissa og öfluga leiðbeiningaþjónustu í landinu.

Leiðir

- Leita leiða til hagræðinga fyrir búnaðarsamböndin og BÍ t.d. í innkaupum á rekstrarvörum, tækjum og búnaði.
- Stuðla að tæknivæðingu búnaðarsambandanna í samskiptatækni til að stuðla að bættri samvinnu og draga úr kostnaði vegna ferðalaga vegna fundahalda.
- Nýta sérþekkingu ráðunauta á hverju fagsviði fyrir sig óháð staðsetningu viðkomandi ráðunauts og tryggja aðgang allra búnaðarsambanda að þeirri þekkingu án verulegs aukakostnaðar fyrir bændur eða búnaðarsambönd.
- Jafna aðstöðu búnaðarsambandanna til að sinna þjónustu í dreifðari byggðum og tryggja þannig að bændur á jaðarsvæðum verði ekki útundan eða þurfi ekki að lenda í mun meiri kostnaði fyrir sömu þjónustu vegna staðsetningar.

Framgangur

Ráða verkefnistjóra sem stuðlar að framgöngu á þessum málum. Tryggja þarf bændum hvar sem er á landinu sambærilega grunnþjónustu og jafna aðgang bænda á sérhæfðri ráðgjöf í landbúnaði. Þar verði hafðir að leiðarljósi hagsmunir heildarinnar. Búnaðarsamböndin taki sameiginlega þátt í kostnaði við verkefnastjóra.

Ályktun

Leiðbeiningaþjónusta í landbúnaði

Markmið

Endurmeta leiðbeiningaþjónustu á landsvísu með tilliti til breytts fjárhagsumhverfis. Tryggt verði að íslenskir bændur njóti áfram öflugrar ráðgjafaþjónustu óháð búsetu.

Leiðir

Búnaðarþing 2011 leggur til að BÍ skipi millipinganefnd til að endurmeta fyrirkomulag leiðbeiningaþjónustu í landbúnaði á landsvísu.

Framgangur

Niðurstöður millipinganefndar liggi fyrir á formannafundi Búnaðarsambanda 2011.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,

Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson,
Vigdís Sveinbjörnsdóttir.

12. Kúasæðingar

1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Markmið

Tryggja kúabændum um allt land aðgang að kúasæðingum á sambærilegum kjörum.

Leiðir

Skipulag og framkvæmd á rekstri nautgripasæðinga, verði endurskoðað. Metnir kostir og gallar þess að hafa landið allt í einu þjónustusvæði ásamt rekstri nautastöðvar BÍ, í sameiginlegu eignarhaldi nautgripabænda.

Framgangur

Búnaðarþing/stjórn BÍ og LK skipi verkefnishóp.

2. Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Búnaðarþing 2011 hvetur til þess að niðurstaða fáist sem fyrst í vinnu við endurskoðun reglna um úthlutun framlags til kúasæðinga þar sem tekið verði tillit til mismunandi rekstraraðstæðna þjónustunnar á ólíkum landssvæðum sbr. umfjöllun á búnaðarþingi 2010.

Ályktun

Kúasæðingar

Markmið

Aukinn jöfnuður á kostnaði bænda vegna kúasæðinga óháð búsetu.

Leiðir

Fjármunum úr búnaðarlagasamningi sem ætlaðir eru til kynbótastarfs í nautgripærækt verði skipt með það að leiðarljósi að jafna kostnað við kúasæðingar yfir landið.

Framgangur

BÍ og LK skipi verkefnishóp sem skili tillögum það tímanlega að mögulegt verði að gera árið 2011 upp samkvæmt nýju fyrirkomulagi.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson,
Vigdís Sveinbjörnsdóttir.

13. Einstaklingsmerkingar búfjár – tölvukerfi

Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til Búnaðarþings 2011 að knýja á um að lokið sé við gerð tölvukerfis svo allar nauðsynlegar upplýsingar um sauðfé, nautgripi og hross sem send eru til slátrunar skili sér á einfaldan og öruggan hátt frá bónda til sláturhúss og áfram þaðan í skýrsluhaldsgrunna búfjárræktarinnar. Til að þetta sé hægt þarf að tryggja fjármagn til verkefnisins og nána samvinnu BÍ, MAST og sláturleyfishafa.

Ályktun

Einstaklingsmerkingar búfjár – tölvukerfi

Búnaðarþing 2011 beinir því til Matvælastofnunar að ljúka við gerð tölvukerfis svo lögbundnar upplýsingar um sauðfé, nautgripi og hross sem send eru til slátrunar skili sér á einfaldan og öruggan hátt frá bónda til slátruhúss og áfram þaðan í skýrsluhaldsgrunna búfjárræktarinnar. Til að þetta sé hægt þarf að tryggja fjármagn til verkefnisins og nána samvinnu BÍ, MAST og slátrurleyfishafa.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson,
Vigdís Sveinbjörnsdóttir.

14. Varnir gegn dýra- og plöntusjúkdómum

Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2011 skorar á stjórnvöld að sinna sínu hlutverki varðandi varnir gegn dýra- og plöntusjúkdómum, sbr. lög nr. 25/1993. Þeim stofnunum sem ætlað er að hafa eftirlit með þessum málum verður að tryggja nægt fjármagn og mannafla.

Greinargerð

Í eyriki eins og Íslandi ætti að vera tiltölulega auðvelt að verjast því að nýir smitsjúkdómar berist til landsins. Ástralir og Nýsjálendingar hafa t.d. mjög strangt eftirlit með farþegum sem koma til landsins, þar eru hundar látnir þefa af handfarangri í leit að ferskum matvælum og sóttþreinsilögur í mottum sem ferðamenn komast ekki hjá því að stíga ofan á. Í þessum löndum er allt gert til að reyna að sporna við því að fá smitsjúkdóma til landsins, bæði smitsjúkdóma sem herja á búfé en ekki síður plöntur. Farþegar sem koma til Keflavíkur í gegnum Leifsstöð geta, ef þeir eru eftirtektarsamir rekist á borða þar sem fram kemur að dýr hér á landi hafi lengi búið við einangrun og séu því mjög móttækileg fyrir sjúkdómum. Ekki er nægt eftirlit með því hvort farþegar eru að flytja inn fersk matvæli, plöntur, reiðtygi eða annað sem borið getur smitefni, sníkjudýr o.fl til landsins. Óski farþegar sem koma til Íslands í gegnum Leifsstöð eftir því að fá að sóttþreinsa skó er það bæði tímafrekt og mjög kostnaðarsamt. Meðan ástandið er eins og hér er lýst er það ekki spurning hvort sjúkdómar berist til landsins heldur hvenær. Hrossahóstiinn sem barst til landsins á síðasta ári er gott dæmi um það. Ekki er enn útséð með hversu miklum skaða hann hefur valdið.

Atvinnumenn í hestamennsku eru mikið á ferð milli landa og hafa þeir bent á að gott væri að hafa skápa þar sem þeir gætu skilið eftir fatnað og annað sem þeir vilja ekki taka með sér inn í landið. Sóttþreinsimottur eiga að vera við alla innganga úr flugvélum. Skýr skilaboð í flugvélum þar sem farþegar eru upplýstir um mikilvægi þess að taka ekki með sér eitthvað sem hugsanlega getur borið smitefni til landsins. Ætti að vera auðvelt þar sem flestar flugvélar eru nú komnar með sjónvarpsskjái í sætin. Hafa hunda sem kanna handfarangur.

Ályktanir - (ath. að í þessu máli var ályktað með tvennum hætti, þ.e. málinu skipt upp)

Varnir gegn dýrasjúkdómum

Markmið

Að verja íslenskan búpening fyrir smitsjúkdómum.

Leiðir

Lög og reglugerðir um dýrasjúkdóma verði endurskoðuð.

Kveða þarf á um skyldu stjórnvalda til upplýsingagjafar um smitleiðir og efla eftirlit með fólki og búnaði sem fer að og frá landinu.

Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir við stjórnvöld.

Reglugerð um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum í plöntum innanlands

Markmið

Að verja íslenskan gróður gegn meindýrum og smitsjúkdómum.

Leiðir

Sett verði reglugerð um meindýra- og sjúkdómavarnir í plöntum innanlands.

Framgangur

Bændasamtök Íslands fylgi málinu eftir við stjórnvöld.

15. Námskeið í kúasæðingum

Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Búnaðarþing 2011 skorar á Bændasamtök Íslands að tryggja að haldin verði námskeið í kúasæðingum í það minnsta annað hvert ár.

Ályktun

Námskeið í kúasæðingum

Búnaðarþing 2011 skorar á Bændasamtök Íslands að hafa frumkvæði að því að oftast verði haldin námskeið í kúasæðingum bæði fyrir nýliða og eins til endurmenntunar frjótækna.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson,
Vigdís Sveinbjörnsdóttir

16. Bann við innflutningi hrossa og erfðaefni þeirra

Erindi Félags hrossabænda

Búnaðarþing skorar á stjórnvöld að standa vörð um bann við innflutningi á lifandi hrossum og erfðaefni þeirra, í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Undanþága frá þessari grundvallarreglu Evrópusambandsins verði byggð á ítarlegu og rökstuddu áhættumati á þeirri heilsufarslegu ógn sem hlytist af slíkum innflutningi.

Íslenski hrossastofninn er ein mikilvægasta erfðaauðlind þjóðarinnar sem okkur ber að standa vörð um. Hrossaræktin hefur þá sérstöðu í íslenskum landbúnaði að byggja afkomu sína að miklu leyti á útflutningi lifandi dýra. Mikilvæg forsenda þess er heilbrigði íslenska hrossastofnsins. Vegna langrar einangrunar er stofninn afar móttækilegur fyrir nýjum smitefnum. Því er nauðsynlegt að viðhafa mun strangari sjúkdómavarnir en gert er ráð fyrir í reglum Evrópusambandsins.

Eins og dæmin sanna geta væg smitefni valdið faröldrum í hrossum hér á landi, ógnað hefðbundnu hestahaldi og allri atvinnustarfsemi sem tengist hrossum. Ætla má að alvarlegustu þekktu hrossasjúkdómarnir geti valdið umtalsverðum afföllum og höggvið óbætanleg skörð í hrossastofninn. Kostnaður vegna nauðsynlegra bólusetninga yrði hrossaræktinni afar þungbær.

Ályktun

Bann við innflutningi hrossa og erfðaefni þeirra

Búnaðarþing 2011 skorar á stjórnvöld að standa vörð um bann við innflutningi á lifandi hrossum og erfðaefni þeirra, í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Undanþága frá þessari grundvallarreglu Evrópusambandsins verði byggð á ítarlegu og rökstuddu áhættumati á þeirri heilsufarslegu ógn sem hlytist af slíkum innflutningi.

Íslenski hrossastofninn er ein mikilvægasta erfðaauðlind þjóðarinnar sem okkur ber að standa vörð um. Hrossaræktin hefur þá sérstöðu í íslenskum landbúnaði að byggja afkomu sína að miklu leyti á útflutningi lifandi dýra. Mikilvæg forsenda þess er heilbrigði íslenska hrossastofnsins. Vegna langrar einangrunar er stofninn afar móttækilegur fyrir nýjum smitefnum. Því er nauðsynlegt að viðhafa mun strangari sjúkdómavarnir en gert er ráð fyrir í reglum Evrópusambandsins.

Eins og dæmin sanna geta væg smitefni valdið faröldrum í hrossum hér á landi, ógnað hefðbundnu hestahaldi og allri atvinnustarfsemi sem tengist hrossum. Ætla má að alvarlegustu þekktu hrossasjúkdómarnir geti valdið umtalsverðum afföllum og höggvið óbætanleg skörð í hrossastofninn.

Kostnaður vegna nauðsynlegra bólusetninga yrði hrossaræktinni afar þungbær.

Ágúst Rúnarsson, Baldur Grétarsson,
Guðrún Sigurjónsdóttir, Hörður Hjartarson,
Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Hreinsson,
Vigdís Sveinbjörnsdóttir.

17. Skilgreining á þjónustu stoðkerfis bænda og nýtingu búnaðargjalds

Erindi Landssambands kúabænda

Markmið

Búnaðarþing 2011 leggur ríka áherslu á að unnin verði skilgreining á þeim þáttum starfsemi Bændasamtakanna, búnaðarsambandanna og búgreinasamtakanna sem kosta á af búnaðargjaldi.

Leiðir

Skilgreindir verði þeir þættir, faglegir og félagslegir, sem kosta á af búnaðargjaldi og hverjir skuli gjaldskyldir vegna hvernar búgreinar fyrir sig. Það skipulag sem með þessum hætti næst fram skal tekið í notkun hið allra fyrsta.

Framgangur

Bændasamtök Íslands vinni að málinu í samráði við búgreina- og búnaðarsambönd.

Greinargerð

Í kjölfar mikils niðurskurðar á framlögum vegna Búnaðarlagasamnings hefur reynst nauðsynlegt að forgangsraða verkefnum og auka innheimtu þjónustugjalda í stoðkerfi bænda. Þessar aðstæður kalla enn frekar á að skilgreindir verði þeir þættir starfsins sem fjármagnaðir eru með búnaðargjaldi.

Ályktun

Búnaðargjald

Markmið

Að Bændasamtök Íslands ljúki vinnu við að:

- 1) Skilgreina til hvaða verkefna búnaðargjaldi skuli varið.
- 2) Að fjárreiður þiggjenda búnaðargjalds verði skýrt aðgreindar með tilliti til þeirra tekna sem þeir hafa af því.

Leiðir

Að Bændasamtök Íslands vinni að málinu í samstarfi við aðildarfélag samtakanna.

Framgangur máls

Búnaðarþing 2011 felur stjórn BÍ að ljúka þessari greiningarvinnu.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Einar Ófeigur Björnsson,
Guðmundur Davíðsson, Árni Brynjólfsson,
Þórarinn Ingi Pétursson, Örn Bergsson.

18. Félagskerfi bænda

1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Markmið

Endurskoða í heild sinni félagskerfi bænda með það að markmiði að einfalda það, ná fram hagræðingu og gera félagskerfi bænda skilvirkara.

Leiðir

- Stuðla að fækkun og stækkun búgreinafélaga innan svæða búnaðarsambandanna.
- Stuðla að fækkun og stækkun búnaðarfélaga.
- Stuðla að fækkun og stækkun búnaðarsambanda.

· Að bein aðild einstaklinga að Bændasamtökum Íslands, verði grunnaðild.

Framgangur

Stjórn BÍ, stjórnir búgreinafélaga og búnaðarsambanda sameinist í þessari vinnu og leiti leiða til að einfalda félagskerfi bænda án þess að veikja það. Samþykktum BÍ um félagsaðild verði breytt í samræmi.

2. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 beinir því til stjórnar BÍ, búnaðarsambanda og búgreinafélaga að fram fari endurskoðun á félagskerfi bænda.

Ályktun

Félagskerfi bænda

Markmið

Einfalda félagskerfi landbúnaðarins.

Leiðir

Að stjórn BÍ skipi millipinganefnd sem hafi það hlutverk að greina tækifæri og leiðir til að einfalda félagskerfi bænda.

Framgangur máls

Nefndin skili drögum að tillögum fyrir haustfundi Bændasamtaka Íslands og endanlegum tillögum fyrir næsta búnaðarþing.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Árni Brynjólfsson,
Einar Ófeigur Björnsson, Guðmundur Davíðsson,
Þórarinn Ingi Pétursson, Örn Bergsson.

19. Lífeyrissjóður bænda

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnespings

Markmið

Búnaðarþing 2011 ályktar að standa beri vörð um hagsmuni sjóðsfélaga í Lífeyrissjóði bænda og um rekstur hans.

Leiðir

Stefnumörkun um framtíðarstefnu á rekstri sjóðsins og hvernig hægt er að beita fjármunum hans til eflingar landbúnaði.

Framgangur

Stjórn Lífeyrissjóðs bænda og Bændasamtökin standi fyrir fræðslufundum fyrir sjóðsfélaga og vinni að stefnumörkun hans.

Ályktun

Markmið

Búnaðarþing 2011 fagnar ágætum árangri í rekstri Lífeyrissjóðs bænda. Það telur þó að ávallt þurfi að vera á verði til að tryggja með sem bestum hætti lífeyrisréttindi bænda.

Leiðir

Leita leiða til að fjölga sjóðsfélögum.

Stjórnin sendi kynningarefni til sjóðsfélaga til að efla vitund um starfsemi sjóðsins og standi fyrir kynningarfundum.

Framgangur máls

Ályktun verði send stjórnnum Bændasamtaka Íslands og Lífeyrissjóðs bænda.

20. Útflutningur á svínakjöti

Erindi Svínaræktarfélag Íslands

Svínaræktarfélag Íslands óskar eftir aðstoð Bændasamtaka Íslands við að tryggja svínaræktinni heimild til útflutnings á svínakjöti á sömu forsendum og heimilt er að flytja svínakjöt til landsins.

Greinargerð

Á árinu 2007 tók gildi heimild til innflutnings á 200 tonnum af beinlausum vöðva af svínakjöti og sama magni af kjúklingum. Heimildin byggðist á gagnkvæmum samningi við Evrópusambandið um innflutning á tilteknu magni afurða án innflutningstolla. Samhliða gildistöku var gert samkomulag um útflutning á kjöti frá Íslandi til Evrópusambandsins en ekki var gert ráð fyrir útflutningi á þeim kjöttegundum þ.e. svínakjöti og kjúklingum, sem sköpuðu heimild til útflutningskvóta til ESB.

Nú hafa heimildir til innflutnings verið auknar enn frekar:

- unnar kjötvörur fóru úr 0 kg í 50 tonn
- pylsur voru auknar úr 15 tonnum í 50 tonn
- skinka fór úr 0 kg í 50 tonn

Í framhaldinu hafa þessar búgreinar þurft að takast á við enn harðari samkeppni vegna innflutts kjöts á innanlandsmarkaði, án heimilda til útflutnings á hliðstæðum kjörum. Svínaræktarfélag Íslands telur mikilvægt að greinin sitji við sama borð og hin innfluttra vara í þessu sambandi og óskar eftir aðstoð Bændasamtaka Íslands til að svo megi verða.

Niðurstaða: Máli vísað til stjórnar BÍ

21. Aðild Íslands að ESB

1. Erindi Landssamtaka sauðfjárbænda

Markmið

Að aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka. Efnisleg rök Bændasamtakanna gegn aðild hafa ekki verið hrakin samanber ályktun búnaðarþings 2010. Verði aðild að ESB að veruleika mun störfum í landbúnaði og tengdum greinum fækka stórlega en það leiðir til mikillar röskunar í byggðum þar sem landbúnaður er undirstaða atvinnu. Aðild mun einnig hafa verulega neikvæð áhrif á fæðu- og matvælaöryggi landsins. Aðildarumsókn Íslands að ESB skapar mikla óvissu í starfsumhverfi landbúnaðarins og dregur þróttinn úr nauðsynlegri endurnýjun og framþróun þann langa tíma sem umsóknarferlið mun standa. Í ljósi alls þessa er farsælast að stjórnvöld dragi aðildarumsóknina nú þegar til baka og beini allri sinni orku að uppbyggingu íslensks samfélags.

Leiðir

Þingið felur stjórn BÍ að gæta áfram hagsmuna bænda í hvívetna, vera áfram leiðandi í umræðu um áhrif ESB aðildar á landbúnað og byggja sem fyrr á faglegri þekkingaröflun. Þingið brýnir jafnframt alla bændur og aðra velunnara íslensks landbúnaðar að taka þátt í umræðunni af fullum þunga.

Fyrstu skref

Stjórn BÍ haldi áfram á málinu undir formerkjum þeirra varnarlína sem liggja fyrir. Á árinu 2011 hefjast hinar eiginlegu samningaviðræður. Það mun marka þáttaskil í málinu og draga skýrari línur. Baráttan mun harðna og nauðsyn er á því að andstæðingar standi saman og allir leggi sitt af mörkum. Jafnframt væri æskilegt að enn breiðari hópur fólks í forystusveit bænda yrði virkjaður markvisst í andstöðunni við Evrópusambandsaðild með það að markmiði að gera baráttuna enn sýnilegri og markvissari.

2. Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Búnaðarþing 2011 skorar á Bændasamtök Íslands að halda áfram sínu starfi í andstöðu við Evrópusambandsaðild og nýta alla möguleika til að koma á framfæri staðreyndum um áhrif Evrópusambandsaðildar á landbúnað á Íslandi.

3. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 krefst þess að aðildarumsókn að ESB verði dregin til baka þegar í stað.

Ályktun

Aðild Íslands að ESB - afstaða BÍ

Búnaðarþing 2011 ítrekar andstöðu sína við aðild að Evrópusambandinu. Miklir atvinnuhagsmunir bændastéttarinnar eru í húfi og telur þingið þessum hagsmunum betur borgið utan þess. Hagsmunir og afkoma bænda tengjast ótvírætt hagsmunum íslenskra neytenda og byggðum landsins. Búnaðarþing telur að fæðuöryggi þjóðarinnar verði því aðeins tryggt að fullu með því að Ísland standi utan sambandsins.

Þrátt fyrir algjöra andstöðu Bændasamtakanna við aðild að Evrópusambandinu hafa þau frá upphafi dregið sérstakar varnarlinur sem þau telja að feli í sér lágmarkskröfur í yfirstandandi samningaviðræðum við Evrópusambandið. Bændasamtökin telja mikilvægt að hagsmunir íslensks landbúnaðar verði tryggðir, komi til aðildar og að hagsmunir bændastéttarinnar verði metnir í heild með hliðsjón af byggðasjónarmiðum, neytendamálum og fæðuöryggi. Þeim árangri er að mati Bændasamtakanna aðeins hægt að ná sé varnarlinum samtakanna fylgt. Bændasamtökunum er ljóst að markmið varnarlínanna falla misvel að grunnreglum Evrópusambandsins og erfitt getur verið að ná þeim fram. Bændasamtökin hafa margoft áður sett þessa afstöðu fram.

Til þess að gæta hagsmuna íslensks landbúnaðar er það afdráttarlaus krafa Bændasamtaka Íslands að stjórnvöld leiti aðstoðar óháðra sérfræðinga utan stofnana Evrópusambandsins. Í varnarlinum samtakanna kemur fram krafa um varanlegar undanþágur frá landbúnaðarlöggjöf Evrópusambandsins. Varanlegar undanþágur þýða að mati Bændasamtakanna að viðeigandi ákvæði í aðildarsamningnum gangi framur ákvæðum samningsins um starfsemi Evrópusambandsins og gerðum settum samkvæmt honum. Tímabundnar undanþágur nægja ekki að mati Bændasamtakanna til þess að tryggja framtíðarhagsmuni íslensks landbúnaðar. Allar varnarlínurnar varða sameiginlega hagsmuni landbúnaðar á Íslandi til lengri tíma litið. Það kostar verulega rannsóknarvinnu og gagnaöflun að takast á hendur þetta verkefni af fullum krafti. Stjórnvöld þurfa að tryggja pólitískan stuðning og nauðsynlegar fjárveitingar til þeirrar vinnu.

Búnaðarþing 2011 leggur áherslu á eftirtalin atriði:

- Að varnarlinur Bændasamtakanna og greining á lagaumhverfi landbúnaðar í Evrópusambandinu liggja nú fyrir búnaðarþingi. Búnaðarþing felur stjórn Bændasamtaka Íslands að fullvinna þessi gögn. Þau verði síðan kynnt bændum og send aðildarfélögum.

- Að með varnarlinum Bændasamtakanna hafa bændur sett fram lágmarkskröfur í landbúnaðarmálum vegna hugsanlegs aðildarsamnings.

- Að stjórn Bændasamtakanna fylgi varnarlínunum eftir við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra í því skyni að koma þeim á framfæri við ríkisstjórn.

- Að stjórnvöld kanni nú þegar afstöðu Evrópusambandsins til varnarlína Bændasamtakanna sé það ætlun þeirra að standa vörð um íslenskan landbúnað.

- Að Bændasamtökin taki ekki þátt í undirbúningi eða aðlögunarstarfi sem leiðir beint eða óbeint af yfirstandandi samningaferli s.s. vinnu við að útfæra sameiginlegu landbúnaðarstefnu Evrópusambandsins fyrir íslenskar aðstæður.

- Að allar umræður sem leiða af sér grundvallarbreytingar á ríkisstuðningi-, tolla- og stofnanaumhverfi íslensks landbúnaðar verði að bíða þar til yfirstandandi samningaferli lýkur.

- Að Bændasamtökin ræki áfram skyldur sínar gagnvart stjórnvöldum með því að veita upplýsingar og ráðgjöf um landbúnaðarmál.

Greinargerð - Varnarlinur BÍ

1. Áfram verði byggt á 13. grein EES-samningsins um rétt Íslands til verndar heilsu manna og dýra.

Meginatriði: Komi til aðildar verði innflutningsheimildir óbreyttar frá því sem þær verða þegar að lög nr. 143/2009 um innleiðingu á matvælalöggjöf ESB hafa öðlast gildi að fullu. Jafnframt verði heimilt að halda takmörkunum á plöntuinnflutningi óbreyttum. Íslenskum stjórnvöldum verði enn fremur heimilt að grípa til sérstakra aðgerða til að vernda og verja innlendu búfjárkynin Varanleg ákvæði þessa efnis verði hluti af aðildarsamningi.

2. Ísland og íslensk stjórnvöld hafi fullt frelsi frá reglum og stefnu ESB til að ríkisstyrkja landbúnað og innlendan úrvinnsluþæna.

Meginatriði: Komi til aðildar verði fullt tillit tekið til sérstöðu landsins í aðildarsamningi, án tillits til fyrri fordæma. Svigrúm verði til þess að tryggja stöðu byggða sem byggja á landbúnaði og úrvinnslu afurða hans þannig að hún verði ekki verri en fyrir aðild. Þannig er lágmarkskrafa að ríkisstyrkir verði a.m.k. með sama hætti og fyrir aðild. Nægilegt og skýrt svigrúm verði til að styðja við framleiðslu skilgreindra sóknarafurða sem hafa skírskotun til íslenskra framleiðsluáðstæðna. Svigrúm verði fyrir sérstakar aðgerðir til að verja íslenska búvöruframleiðslu vegna smæðar innlenda markaðarins.

3. Áfram verði heimilt að leggja tolla á búvöru frá löndum ESB.

Meginatriði: Komi til aðildar hafi íslensk stjórnvöld áfram heimild til að leggja tolla á búvöru frá ESB löndum allt að því sem heimildir til að leggja á tolla samkvæmt skuldbindingum okkar innan WTO gefa svigrúm til. Verði breytingar á reglum WTO þannig að heimildir til álagningar tolla verði skertar þarf að bæta það með öðrum hætti. Hagsmuna íslensks landbúnaðar verði gætt í hvívetna vegna smæðar markaðarins og fjarlægðar frá hinum eiginlega innri markaði ESB.

4. Félagsleg staða og afkoma bænda verði tryggð.

Meginatriði: Komi til aðildar verði tryggt að bændum verði bætt tjón vegna fjárfestinga sem ljóst er að verði verðlittlar eða verðlausar við aðild. Samtökum bænda verði jafnframt tryggð sambærileg staða og nú. Þetta þýðir að heimila verður og tryggja innlenda ríkisstyrki nægilega til þess að ná þessum markmiðum.

5. Svæðaskipting landsins með tilliti til landbúnaðar kemur ekki til álita. Sérstakt tillit verður að taka til veðuraðstæðna og ríkra krafna til aðbúnaðar búfjár og vinnuverndar.

Meginatriði: Komi til aðildar verði sömu heimildir til að styðja við landbúnað óháð því hvar á landinu starfsemi er. Lágmarkskrafan er að landið verði skilgreint sem eitt svæði með tilliti til ríkisstyrkja og styrkja úr Evrópska tryggingarsjóðnum fyrir landbúnað. Á ensku: European Agricultural Guarantee Fund (skammstafað EAGF), sem fjármagnar markaðsskipulagið og Evrópska landbúnaðarsjóðnum til þróunar landbúnaðarhéraða European Agricultural Fund for Rural Development (skammstafað EAFRD) og að hér verði um að ræða varanlegt ákvæði í aðildarsamningi.

6. Réttur til sjálfbærrar nýtingar hlunninda og eðlilegra varna gegn rándýrum og meindýrum.

Meginatriði: Komi til aðildar verði ekki settar skorður á hefðbundna hlunnindanýtingu eða aðgerðir gegn meindýrum, hvort sem þau eru flokkuð sem meindýr innan ESB eða ekki. Lágmarkskrafa er að varanleg ákvæði vegna þessa verði hluti af aðildarsamningi.

7. Samningurinn raski ekki eignaréttarlegri stöðu bænda og landeigenda. Tryggt verði að erlent fjármagn, ótengt landbúnaði raski ekki aðstöðu til framleiðslu landbúnaðarafurða.

Meginatriði: Komi til aðildar hafi stjórnvöld fullt svigrúm til að skilgreina ákveðin landsvæði sem landbúnaðarland sem ekki megi taka til annarra nota. Varanlegt ákvæði í aðildarsamningi verði sett til að tryggja þetta.

Egill Sigurðsson, Guðbjörg Jónsdóttir,
Guðrún Lárusdóttir, Jón Magnús Jónsson,
Sig. Sindri Sigurgeirsson, Sigurbjartur Pálsson,
Sigurður Loftsson, Sveinn Auðunn Sæland.

22. Breytingar á búvörulögum

Erindi Landssambands kúabænda

Markmið

Búnaðarþing 2011 leggur ríka áherslu á, að inn í búvörulög verði sett ákvæði til að tryggja forgang mjólkur innan greiðslumarks að innanlandsmarkaði. Jafnframt harmar þingið að frumvarp sem lagt var fram á Alþingi s.l. sumar vegna þessa, hafi ekki náð fram að ganga.

Leiðir

Leitað verði allra leiða til að ná fram ásættanlegum ákvæðum í búvörulög sem tryggja forgang mjólkur innan greiðslumarks að innanlandsmarkaði og skilvirkt uppgjör við greiðslumarkshafa.

Framgangur

Bændasamtök Íslands vinni að málinu í samstarfi við Landssamband kúabænda.

Greinargerð

Fyrir þinglok sl. sumar lagði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fram á Alþingi frumvarp til breytinga á búvörulögum. Með frumvarpinu var áætlað að styrkja ákvæði 29. og 52. gr. laganna sem snúa að forgangi mjólkur innan greiðslumarks að innanlandsmarkaði. Málið fékk í meðförum Alþingis tvær umræður en var ekki afgreitt fyrir sumarhlé. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd óskaði hinsvegar eftir umsögn fjölda aðila um málið fyrir lokaafgreiðslu á haustþingi. Skemmst er frá því að segja að málið fékk ekki framgöngu fyrir þinglok nú í haust og ekki liggur enn fyrir hvort málið verði endurflutt á yfirstandandi þingi. Ítrekað hefur verið ályktað um mikilvægi þess að þetta mál nái fram að ganga, enda byggir samningurinn um starfsskilyrði mjólkurframleiðslunnar á forsendum þessara laga. Við breytingar á samningnum vorið 2009 voru gefin fyrirheit um að lagagrunnur hans yrði styrktur og var umrætt frumvarp lagt fram í þeim tilgangi. Megin efni frumvarpsins snýr að eftirfylgni ákvæða til að tryggja forgang mjólkur innan greiðslumarks að innanlandsmarkaði, en jafnframt kemur það mjög til móts við bændur, sem stunda heimavinnslu mjólkur og ívilnar þeirri framleiðslu sérstaklega. Eins er öllum, sem hafa áhuga og burði til að setja upp mjólkurvinnslu það frjálst hér eftir sem hingað til.

Búvörulög eins og önnur lög landsins eiga að vera skýr og afdráttarlaus og gilda eins gagnvart öllum landsins þegnum. Alþingi Íslendinga ber að tryggja að svo verði, að öðrum kosti er tilvistargrundvöllur mjólkurframleiðslunnar í mikilli hættu.

Ályktun

Breytingar á búvörulögum

Markmið

Búnaðarþing 2011 leggur ríka áherslu á að tryggt verði úrræði í Búvörulögum til að ákvæði laganna um bann við markaðssetningu mjólkur umfram greiðslumark á innanlandsmarkaði haldi, enda er það forsenda þess að hægt sé að tryggja lögboðið lágmarksverð til bænda.

Leiðir

Á rýnifundum um landbúnaðarmál í Brussel og í yfirlýsingu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis frá júlí síðastliðnum kom fram að lagaleg staða umfram mjólkur sé skýr og því leiki enginn vafi á að mjólk umfram greiðslumark skuli flutt úr landi. Því leggur Búnaðarþing til að sett verði útflutnings-/úrvinnslugjald á mjólk utan greiðslumarks sem seld er á innanlandsmarkaði. Þó verði tryggt nokkurt svigrúm vegna heimavinnslu.

Framgangur

Bændasamtök Íslands vinni að málinu í samstarfi við Landssamband kúabænda.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir,
Guðrún Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson,
Jóhann Nikulásson, Jóhannes Ævar Jónsson.

23. Breytingar á rekstrarumhverfi bænda

Erindi Landssambands kúabænda

Búnaðarþing 2011 leggur þunga áherslu á að stjórnvöld ráðist ekki í breytingar á rekstrar- og

lagaumhverfi einstakra búgreina, eða landbúnaðarins í heild, án ítarlegrar faglegrar skoðunar og samráðs við þá hagsmunaaðila sem breytingarnar kunna að varða. Ólíðandi er að stjórnvöld standi fyrir breytingum á starfsumhverfi bænda án eðlilegs samráðs eða umræðu innan stéttarinnar og gildir þar einu hvort um er að ræða heildarendurskipulagningu eða breytingar á einstökum þáttum núverandi fyrirkomulags.

Ályktun

Breytingar á rekstrarumhverfi bænda

Áskorun

Búnaðarþing 2011 leggur þunga áherslu á að stjórnvöld ráðist ekki í breytingar á rekstrar- og lagaumhverfi einstakra búgreina, eða landbúnaðarins í heild, án ítarlegrar faglegrar skoðunar og samráðs við þá hagsmunaaðila sem breytingarnar kunna að varða. Ólíðandi er að stjórnvöld standi fyrir breytingum á starfsumhverfi bænda án eðlilegs samráðs eða umræðu innan stéttarinnar og gildir þar einu hvort um er að ræða heildarendurskipulagningu eða breytingar á einstökum þáttum núverandi fyrirkomulags.

Framkvæmd

Stjórn BÍ falið að koma áskorun á framfæri við stjórnvöld.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir,
Guðrún Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson,
Jóhann Nikulásson, Jóhannes Ævar Jónsson.

24. Skatta- og aðfangaverðshækkanir í landbúnaði

1. Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Íslenskur landbúnaður er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Öflugur landbúnaður er forsenda blómlegrar byggðar í landinu og að matvælaöryggi landsmanna sé tryggt. Bændur leggja sig fram um að framleiða gæðamatvæli á sanngjörnu verði í sátt við umhverfi sitt. Á undangengnum misserum hafa gríðarlegar aðfangahækkanir dunið á landbúnaðinum og ljóst er að ekki er endalaust hægt að höggva í sama knérunn. Leita verður því allra leiða til að starfsskilyrði landbúnaðar verði slík að bæði framleiðendur og neytendur njóti góðs af.

2. Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til Búnaðarþings 2011 að standa vörð um kjör bænda í ljósi gríðarlegra hækkana á aðföngum til landbúnaðar.

3. Erindi Landssamtaka sauðfjorbænda

Markmið

Að vekja athygli á að margar nýlegar hækkanir skatta, gjalda og aðfanga koma ver við bændur og aðra íbúa dreifbýlisins en landsmenn almennt. Auknar álögur á eldsneyti og bifreiðar koma harðar niður út um land þar sem íbúar þurfa oft að fara um langan veg til að sækja þjónustu og rekstraraðföng. Samfara þessu heyrir svo jöfnun á flutningskostnaði að mestu sögunni til. Allt þetta leiðir til hlutfallslega versnandi stöðu íbúa og atvinnurekstrar á landsbyggðinni. Niðurskurður á framlögum í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga skerðir síðan verulega getu þeirra til að sinna þjónustu við íbúa. Eftir geigvænlegar hækkanir síðustu missera á t.d. raforku og eldsneyti, eru nú enn á ný horfur á verulegum hækkunum á ýmsum aðföngum bænda s.s. fræi, áburði, kjarnfóðri og fleiru.

Leiðir

Nauðsynlegt er að fylgst sé vel með áhrifum ofangreindra þátta á rekstur í landbúnaði og stjórnvöld séu meðvituð um þau.

Fyrstu skref

Stjórn BÍ er falið að kynna málið fyrir stjórnvöldum og sjá til þess að gögn séu fyrir hendi til að meta þróunina.

4. Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Markmið

Búnaðarþing 2011 lýsir áhyggjum sínum af rekstarumhverfi í landbúnaði og sívaxandi neikvæðri þróun á milli tekju- og rekstarliða.

Leiðir

Félagssamtök bænda beiti sér fyrir að staðið sé við samninga um framlög og aðrar greiðslur til landbúnaðar og styðji almenna hagsmunagæslu bænda gagnvart tekjuöflunarleiðum. Unnið verði stöðugt og markvisst að því að leita leiða til aukinnar hagkvæmni í rekstri allra búgreina á forsendum íslensks landbúnaðar. Samtök bænda beiti sér fyrir aukinni skilvirkni og gagnsæi í verðlagningu og birtingu verðs á mikilvægum aðföngum bænda almennt.

Framgangur

Ályktun send til stjórnar Bændasamtaka Íslands.

5. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 mótmælir auknum álögum á eldsneyti.

Háir skattar á eldsneyti koma hart niður í íbúum hinna dreifðu byggða

- með hækkuðum flutningskostnaði á aðföngum og afurðum

- og stóraukum kostnaði þeirra sem um langan veg þurfa að fara til að sækja þjónustu

Ályktun

Skatta- og gjaldahækkanir í landbúnaði

Markmið

Búnaðarþing 2011 vekur athygli á að margar nýlegar hækkanir skatta og gjalda, svo sem auknar álögur á eldsneyti og bifreiðar, koma þungt niður á bændum og öðrum íbúum dreifbýlis, sem oft þurfa að fara um langan veg til að sækja þjónustu og rekstraraðföng. Eins heyrir jöfnun á flutningskostnaði að mestu sögunni til. Allt þetta leiðir til hlutfallslega versnandi stöðu íbúa og atvinnurekstrar á landsbyggðinni og jafnframt hækkandi aðfangaverðs í landbúnaði.

Leiðir

Nauðsynlegt er að fylgst sé vel með áhrifum ofangreindra þátta á rekstur í landbúnaði og að stjórnvöld séu upplýst um þau.

Framgangur

Stjórn BÍ er falið að kynna málið fyrir stjórnvöldum og sjá til þess að gögn séu fyrir hendi til að meta þróunina.

Greinargerð

Fjármálaráðherra hefur stofnað starfshóp v/mögulegra viðbragða stjórnvalda við hækkandi olíuverði. Starfshópurinn á að meta áhrifin og hvort hugsanlega megi nýta hluta álaganna til jöfnunar eða orkusparandi aðgerða. Fulltrúum bænda verður boðið að koma á fund starfshópsins með tillögur er gagnast geta greininni og dreifbýlinu. Búnaðarþing leggur áherslu á að stjórn BÍ undirbúi tillögur og fylgi þeim eftir.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir,
Guðrún Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson,
Jóhann Nikulásson, Jóhannes Ævar Jónsson.

25. Fjármál bænda – úrvinnsla lánastofnana

1. Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

Markmið

Búnaðarþing 2011 ítrekar fyrri ályktun frá fyrra ári um fjármál bænda. Í ljós hefur komið að seinagangur í úrvinnslu skuldamála bænda hefur leitt til fjölgunar þeirra búa sem eiga í fjárhagslegum erfiðleikum.

Niðurstaða Hæstaréttar frá liðnu sumri og breytingar á löggjöf virðast ekki haft þau áhrif sem vænst var gagnvart bændum. Búnaðarþing krefst þess að lánastofnanir setji aukinn kraft í úrlausn skuldamála bænda og að verðmæti rekstrarins verði grunnur að veðhæfi en ekki ímyndað jarðarverð. Jafnframt að lánastofnanir gæti samræmis við úrvinnslu þessara mála.

Leiðir

Við mótun þessara aðgerða þarf m.a. að taka tillit til eftirtalinna atriða:

- Rekstrarhæfum einingum verði boðið upp á framtíðarlausnir í lánamálum óháð bústærð.
- Meta þarf veðhæfi jarðeigna út frá eðlilegu verðmæti rekstrar eins og það er í dag.
- Viðurkennd verði sú staðreynd að mismunandi rekstrareiningar þurfa mismunandi lausnir.
- Skilmálar fjármálagjöringa verði skýrir, skerði ekki réttindi sem kunna að skapast við seinni tíma úrskurði og/eða dóma.
- Við mat á greiðslugetu verði tekið tillit til eðlilegrar launakröfu og nauðsynlegrar endurnýjunar rekstrarbúnaðar og fastfjármuna.

Framgangur

Búnaðarþing 2011 leggur áherslu á að stjórn BÍ beiti sér af fullum þunga í þessum málum. Bæði með viðræðum við lánastofnanir og ríkisvaldið og eins með því að styðja við málarekstur vegna fordæmisgefandi mála ef þörf er á slíku. Samhliða verði aukin áhersla lögð á eftirfylgni í einstökum málum sem eru í úrvinnslu vítt og breitt um landið. Samstarf Bændasamtakanna og búnaðarsambandanna verði efti í þessu skyni.

2. Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 átelur bankastofnanir harðlega fyrir seinangang við almennar leiðréttingar á lánum bænda. Brynt er að bændur fái sömu afgreiðslu og einstaklingar þar sem veð eru í íbúðarhúsnæði.

Ályktun

Fjármál bænda – úrvinnsla lánastofnana

Markmið

Búnaðarþing 2011 ítrekar ályktun frá fyrra ári um fjármál bænda. Þingið átelur harðlega seinangang við lausnir á skuldamálum bænda og gagnrýnir þær lánastofnanir sem ekki hafa hafið endurútreikning á gengistryggðum lánum bænda.

Búnaðarþing krefst þess að lánastofnanir hraði úrlausnum á skuldamálum bænda og að verðmæti rekstrarins verði lagt til grundvallar. Jafnframt að lánastofnanir gæti samræmis við úrvinnslu þessara mála.

Leiðir

Bændasamtök Íslands fari fram á samkomulag um úrvinnslu skuldamála bænda við Samtök fjármálafyrirtækja eða lánastofnanir, er taki tillit til sérstöðu búrekstrar, í takt við hliðstætt samkomulag Samtaka atvinnulífsins og Samtaka fjármálafyrirtækja. Við mótun þess þarf m.a. að taka tillit til eftirtalinna atriða:

- Komist verði að samkomulagi um aðferðir við mat á bújörðum er taki mið af núverandi starfsemi og ástandi jarðarinnar.
- Búrekstraráætlanir er taki tillit til eðlilegrar afkomu bænda og endurnýjunar rekstrar- og fastafjármuna verði lagðar til grundvallar við lausnir.
- Lausnir verði sniðnar að mismunandi rekstrareiningum þannig að boðið verði upp á framtíðarlausnir í lánamálum óháð bústærð.
- Skilmálar fjármálagjöringa verði skýrir, skerði ekki réttindi sem kunna að skapast við seinni tíma úrskurði og/eða dóma. Gera verður kröfu um að fjárhagsleg endurskipulagning sé til lengri tíma og meðhöndlun biðlána skýr.

Framgangur

Búnaðarþing leggur áherslu á að stjórn BÍ beiti sér af fullum þunga í þessum málum.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir,
Guðrún Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson,
Jóhann Nikulásson, Jóhannes Ævar Jónsson.

26. Áburðarverð

Erindi Búnaðarsambands Austurlands

Markmið

Búnaðarþing 2011 skorar á áburðasala að áburðarverð og framboð áburðartegunda liggi fyrir í desember ár hvert vegna ársins á eftir, vegna rekstraráætlana og annarrar áætlanagerðar búanna.

Leiðir

Nauðsynlegt er fyrir bændur að vita hver útgjöld næsta árs eru, til að geta gert áætlanir fyrir rekstur næsta árs. Eins ef áburðarverð er óeðlilega hátt miðað við heimsmarkaðsverð, að bændur geti brugðist við því með innflutningi beint ef þarf.

Framgangur

Ályktun send til allra sem seldu áburð á síðasta ári.

Niðurstaða: Erindi kemur ekki úr nefnd

27. Mjólkurverð

Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 beinir því til fulltrúa bænda í verðlagsnefnd að þeir beiti sér af fullum þunga fyrir leiðréttingu á mjólkurverði til bænda. Samhliða verði haldið áfram að leiðrétta verðtilfærslur í verðlagningu mjólkurvara.

Mjólkurverð til bænda hefur ekki hækkað frá 1. nóvember 2008. Síðasta hækkun 1. ágúst 2009 gekk öll til afurðarstöðva. Í gögnum sem dreift var á haustfundum Landssambands kúabænda í haust kemur fram að skv. verðlagsgrundvelli kúabús er hækkunarþörf á mjólk 8,65%, eða 6,15 kr/líter, miðað við 1. september síðastliðinn. Þá er ekki meðtalin geymd leiðrétting á fjármagnsliðum frá 1. apríl 2008. Framlag ríkisins til Lífeyrissjóðs bænda hefur auk þess verið skorið niður sem er veruleg tekjuskerðing fyrir bændur.

Ályktun

Mjólkurverð

Búnaðarþing 2011 beinir því til verðlagsnefndar búvöru að þær kostnaðarhækkanir sem mælast í verðlagsgrundvelli kúabús skili sér í mjólkurverði til framleiðenda. Brýnt er að grannt sé fylgst með verðþróun helstu kostnaðarliða í rekstri kúabúa og mat á hækkunarþörf sé framkvæmt jafnharðan. Samhliða verði haldið áfram að leiðrétta verðtilfærslur í verðlagningu mjólkurvara.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir,
Guðrún Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson,
Jóhann Nikulásson, Jóhannes Ævar Jónsson.

28. Bændabókhald og bókhaldskerfið dkBúbót

Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 beinir því til Landbúnaðarháskóla Íslands og Bændasamtaka Íslands að kennsla og námskeiðahald í bændabókhaldi og rekstri verði aukin.

Árlega þarf að bjóða upp á endurmenntun í bændabókhaldi og bókhaldsforritinu dkBúbót fyrir bændur og þá sem starfa við bændabókhald. Skipuleggja þarf byrjenda- og framhaldsnámskeið í dkBúbót í samstarfi við búnaðarsamböndin.

Ályktun

Námsframboð í bættum búrekstri

Ályktun

Búnaðarþing 2011 beinir því til Landbúnaðarháskóla Íslands, Bændasamtaka Íslands og annarra samtaka bænda að auka framboð á kennslu og námskeiðahaldi í búrekstri og bókhaldi.

Markmið

Að auka rekstrarvitund og þekkingu bænda á rekstri, bókhaldi og skattamálum í takt við þær breytingar sem orðið hafa á rekstrarumhverfi greinarinnar og auðvelda bændum að nálgast frekari menntun á því sviði.

Framgangur

Stjórn BÍ taki málið upp við Landbúnaðarháskóla Íslands og skoði jafnframt möguleika á að standa fyrir námskeiðum á þessu sviði í samstarfi við aðrar menntastofnanir. Eins eru búnaðarsamböndin og búgreinafélögin hvött til að meta eftirspurn í sínu nærumhverfi og eiga frumkvæði að ýmis konar námskeiðshaldi eftir þörfum.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir,
Guðrún Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson,
Jóhann Nikulásson, Jóhannes Ævar Jónsson.

29. Kvótamarkaður fyrir mjólk

Erindi Búnaðarsambands Skagfirðinga

Búnaðarþing 2011 beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að kvótamarkaður fyrir mjólk verði haldinn fjórum sinnum á ári.

Ályktun

Kvótamarkaður fyrir mjólk

Búnaðarþing 2011 beinir því til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að fjölga markaðsdögum fyrir greiðslumark í mjólk í samráði við BÍ og LK.

Markmið

Knýjandi er fyrir mjólkurframleiðendur að ná fram jafnvægi í viðskiptum með greiðslumark. Nauðsynlegt er að hægt sé að eiga viðskipti með greiðslumark á síðari hluta kvótaárs svo hægt sé að aðlaga búrekstur vegna óvæntra aðstæðna.

Framgangur

Stjórnir BÍ og LK afli gagna er varða nýtingu greiðslumarks og taki upp viðræður við stjórnvöld um fjölgun markaðsdaga.

Guðný H. Jakobsdóttir, Guðný Helga Björnsdóttir,
Guðrún Stefánsdóttir, Gunnar Þorgeirsson,
Jóhann Nikulásson, Jóhannes Ævar Jónsson.

30. Mengunarmál

Erindi Búnaðarsamtaka Vesturlands, Búnaðarsambands Vestfjarða og Búnaðarsambands Kjalarnesþings

Markmið

Tryggja að landbúnaðarframleiðslu á Íslandi stafi ekki hættu af utanaðkomandi mengun. Landbúnaður á Íslandi er almennt stundaður í sátt við umhverfið og mikilvægt að mengun t.d. frá sorpbrennslum valdi ekki skaða. Mikilvægt er fyrir ímynd íslensks landbúnaðar að koma í veg fyrir slíkt.

Leiðir

Tryggja að eftirliti og kröfum um mengunarvarnir sé framfylgt.

Framgangur

Bí geri úttekt á áhættuþáttum í mengunarmálum fyrir íslenskan landbúnað og veiti eftirlitsaðilum með mengunarmálum aðhald.

Ályktun

Mengunarmál

Markmið

Tryggja að landbúnaðarframleiðslu á Íslandi stafi ekki hættu af utanaðkomandi mengun. Landbúnaður á Íslandi er almennt stundaður í sátt við umhverfið og mikilvægt að mengun t.d. frá stóriðjum og sorpbrennslum valdi ekki skaða. Nauðsynlegt er fyrir ímynd íslensks landbúnaðar að koma í veg fyrir slíkt.

Leiðir

Útbúa þarf skilvirka verkferla sem hægt er að vinna eftir ef mengunarslys verða. Til dæmis má líta til viðbragða við dýrasjúkdómum.

Framgangur

Búnaðarþing 2011 felur stjórn Bí að senda erindið til Umhverfisstofnunar og Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Árni V. Kristjánsson, Edda Björnsdóttir,
Eiríkur Snæbjörnsson, Jón Hermannsson,
Jón Benediktsson, Nanna Jónsdóttir,
Þórhallur Bjarnason.

31. Áhrif rafgeislunar á heilsufar fólks, dýra og plantna

Erindi Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

Stjórn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda beinir því til búnaðarþings 2011 að það stuðli að upplýstri umræðu og kynningu á þeirri þekkingu sem tiltæk er um hugsanleg áhrif rafgeislunar á heilsufar fólks, dýra og plantna. Jafnframt þarf að gera úttekt á þessum málum á bæjum þar sem grunur leikur á að vanþrif og vanhöld á gripum megi rekja til rafgeislunar frá fjarskiptabúnaði sem settur hefur verið upp í nágrenninu og skýra réttarstöðu bænda gagnvart slíkum tilvikum.

Niðurstaða: Málið kemur ekki úr nefnd.

32. Mál dregið til baka

33. Upphreinsun frárennisskurða – greiðslur

Erindi Búnaðarsambands Suðurlands

Búnaðarþing 2011 beinir því til stjórnar Bændasamtaka Íslands að endurskoða þá ákvörðun sína að fella niður allar greiðslur vegna upphreinsunar frárennisskurða. Einkum og sér í lagi kemur þessi ákvörðun sér afar illa þegar um er að ræða megin fráveituskurði sem taka við vatni frá skurðakerfi fleiri en einnar jarðar og eru forsenda búskapar í mörgum sveitum.

Greinargerð

Víða háttar svo til, einkum í láglandum sveitum, að skurðakerfi einstakra jarða byggir á því að vatni er fleytt í gegnum margar jarðir til sjávar og ef þessu skurðakerfi er ekki viðhaldið með eðlilegum hætti getur skapast ófremdarástand án þess að einstakir bændur fái nokkru um það ráðið. Vatnalögin taka á þessu en það er langur ferill og erfiður og hefur þróunin orðið sú að víða er það orðið samfélagslegt verkefni að viðhalda ákveðnum skurðum þannig að allar jarðir eigi möguleika á að ræsa fram. Dæmi eru um að sveitarfélög, eða sérstök fráveitufélög, hafi tekið þetta að sér. Oft eru þessir skurðir að taka við miklu vatni og eru því stærri en venjulegir túnaskurðir. Kostnaður við upphreinsun og viðhald þeirra er því

umtalsverður og veruleg hættu er því á að þau sveitarfélög sem komið hafa að slíkum verkefnum noti við þessar aðstæður tækifærið og dragi sig út úr þeim.

Niðurstaða: Erindi sent til stjórnar BÍ

34. Nýr búnaðarlagasamningur

Erindi lagt fram af stjórn BÍ.

Nýr búnaðarlagasamningur - [pdf](#)

Niðurstaða máls: Málið kemur ekki úr nefnd.

35. Starfsmenntun í landbúnaði

Erindi lagt fyrir af stjórn Bændasamtaka Íslands

Markmið

Tryggja lagalega og faglega stöðu búfræði- og garðyrkjunáms.

Leiðir

Finna leiðir til þess að þau ákvæði búfræðslulaga sem nauðsynleg eru til þess að LBHÍ nái ofangreindu markmiði haldi sér með einhverjum hætti.

Framgangur

Bændasamtökin vinni með LBHÍ að þessu markmiði og hafi til þess fullan stuðning búnaðarþings.

Greinargerð

Efling starfsmenntanáms við Landbúnaðarháskóla Íslands

Ægir Þór Þórsson BÍ / Guðríður Helgadóttir LbhÍ

Forsaga

Landbúnaðarskólarnir sem áður heyrðu undir landbúnaðarráðuneyti voru fluttir yfir til menntamálaráðuneytis þann 1. janúar 2008. Ný framhaldsskólalög nr. 92/2008 gera ráð fyrir að allt nám á framhaldsskólastigi sé jafngilt sem einingar til stúdentspróf, hvort sem um starfsnám eða bóknám er að ræða. Stefnt er að því lög um búnaðarfræðslu verða lögð niður en í þeim lögum eru ákvæði sem eru mjög mikilvæg fyrir starfsemi Landbúnaðarháskóla Íslands, ekki síst varðandi heimildir til ráðningu sérfræðinga til kennslu og lagalega stöðu búfræði- og garðyrkjunáms innan LbhÍ. Við LbhÍ fer fram kennsla á tveimur skólastigum og þar er faglegt bakland búfræði og garðyrkju gríðarlega sterkt.

Markmið

- Mikilvægt er að tryggja stöðu starfsmenntanáms í búfræði og garðyrkjugreinum við LbhÍ þegar búfræðslulög falla úr gildi.
- Stuðla að aukinni þekkingu og menntun innan landbúnaðargreina til að takast á við flóknari viðföng í búrekstri.
- Stuðla að aukinni nýliðun í landbúnaðargreinum.
- Tryggja áframhaldandi gott samstarf við atvinnulífið sem starfsmenntanám LbhÍ þjónar.

Leiðir

- Mikilvægt er að heimildir LbhÍ til að ráða kennara til kennslu á starfsmenntabrautum verði ekki skertar þegar búfræðslulög falla úr gildi.
- Boðið verði upp á þann valkost að nemandi sem lokið hefur framhaldsskólaprófi með skilgreindum einingum við 18 ára aldur geti haldið áfram í starfsmenntanám í búfræði eða garðyrkjugreinum og lokið stúdentsprófi af búfræði- eða garðyrkjusviði. Viðkomandi nemandi útskrifast frá LbhÍ sem búfræðingur eða garðyrkjufraeðingur en einnig sem stúdent frá fyrri framhaldsskóla. Með þessu móti er tryggt að nemendur lendi ekki í blindgötu þegar starfsmenntanami við LbhÍ lýkur heldur geta þeir haldið áfram í háskólanám, kjósi þeir það.
- o Stúdentsprófsleiðin er viðbót við önnur inntökuskilyrði í starfsmenntanám við LbhÍ, eftir sem áður verða nemendur einnig teknir inn eftir gamla fyrirkomulaginu.

o Meiri líkur eru á nýliðun í landbúnaðargreinum ef opnað hefur verið fyrir leið til áframhaldandi náms auk þess sem meðalaldur nemenda fer hugsanlega lækkandi.

- Námsdvöl/verknám nemenda í búfræði og garðyrkju styrkist og eflist enn frekar með víðtækri þátttöku atvinnulífsins í að tryggja gæði verknámsins.

Ályktun Starfsmenntun í landbúnaði

Markmið

Búnaðarþing 2011 beinir því til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins að tryggja stöðu starfsmenntanáms í landbúnaði við fyrirhugaðar breytingar á lögum um opinbera háskóla og niðurfellingu laga um búnaðarfræðslu. Mikilvægt er að þau réttindi og skyldur sem skólinn hefur haft með höndum samkvæmt búnaðarfræðslulögum sé haldið til haga.

Leiðir

Tryggja þarf að starfsmenntanám í landbúnaði, sem LbhÍ sinnir í dag, verði áfram eitt af lykilverkefnum skólans og njóti þar með þess faglega baklands sem þar er að finna. Áfram verði unnið að því að starfsmenntanámið nýtist sem hluti af framhaldsskólanámi til stúdentsprófs.

Framgangur máls

Stjórn BÍ vinni að málinu í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið og LbhÍ.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Árni Brynjólfsson,
Einar Ófeigur Björnsson, Guðmundur Davíðsson,
Þórarinn Ingi Pétursson, Örn Bergsson.

36. Áskorun um aðgerðir vegna mengunar í Skutulsfirði

Lagt fyrir af Umhverfis- og jarðræktarnefnd

Búnaðarþing 2011 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra að bregðast strax við þeim sérstöku aðstæðum sem uppi eru í Skutulsfirði vegna dioxinmengunar.

Vinna verður hratt að úrlausn gagnvart búfjáreigendum sem hafa orðið fyrir miklum skaða vegna slyssins. Ólíðandi er að búfjáreigendur búi við þá óvissu sem til staðar er.

Ályktun

Áskorun um aðgerðir vegna mengunar í Skutulsfirði

Búnaðarþing 2011 skorar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra að bregðast strax við þeim sérstöku aðstæðum sem uppi eru í Skutulsfirði vegna dioxinmengunar.

Vinna verður hratt að úrlausn gagnvart búfjáreigendum sem hafa orðið fyrir miklum skaða vegna slyssins. Ólíðandi er að búfjáreigendur búi við þá óvissu sem til staðar er.

Árni V. Kristjánsson, Edda Björnsdóttir,
Eiríkur Snæbjörnsson, Jón Hermannsson,
Jón Benediktsson, Nanna Jónsdóttir,
Þórhallur Bjarnason.

37. Skýrsla starfshóps BÍ um dýrallyfjamál

Lagt fyrir af búfjárræktar- og fagráðanefnd

Búnaðarþing vísar til stjórnar Bændasamtaka Íslands að fylgja eftir tillögum starfshópsins til úrbóta sem fram koma í skýrslu dagsettri 28. febrúar 2011.

Niðurstaða: Erindi vísað til stjórnar.

38. Hækkun aldurs til ökuréttinda

Lagt fyrir af félagsmálanefnd

Búnaðarþing 2011 mótmælir fyrirhugaðri hækkun á aldri til ökuréttinda.

Vegalengdir í dreifbýli eru oft langar og mun því skapa mikið óhagræði fyrir ungmenni í dreifbýli.

Ályktun

Hækkun aldurs til ökuréttinda

Búnaðarþing 2011 lýsir yfir ánægju sinni með innsenda umsögn Bændasamtaka Íslands 8. mars sl. um frumvarp til umferðarlaga.

Hjálögð er umsögn Bí um frumvarpið.

Arnheiður D. Einarsdóttir, Árni Brynjólfsson,
Einar Ófeigur Björnsson, Guðmundur Davíðsson,
Þórarinn Ingi Pétursson, Örn Bergsson.

Reykjavík, 8. mars 2011
EBG/--

Efni. Umsögn um frumvarp til umferðarlaga 139. löggjafarþingi, þskj. 814 – 495. mál Tilv. 2011020029

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. febrúar 2011.

I.

Í frumvarpinu er lagt til að bílprófsaldur verði hækkaður um eitt ár eða í 18 ár. Bændasamtökin benda á að þessi breyting mun óhjákvæmilega hafa talsverð áhrif á þá íbúa í dreifbýli sem stunda nám í framhaldsskólum og vinnu í þéttbýli. Íbúar í dreifbýli þurfa að komast bæði til skóla og vinnu en þessi fyrirhugaða breyting myndi hafa áhrif á þennan hóp. Bændasamtökin leggja því gegn framangreindri breytingu á lágmarksaldri til þess að mega stjórna bifreið. Möguleikar þeirra sem ekki hafa náð 18 ára aldri til þess að komast ferða sinna myndu einkum felast í notkun á almenningssamgöngum. Þær eru langt frá því að vera fullnægjandi en almenningssamgöngur í dreifbýli hafa átt í vök að verjast á undanförunum árum og hafa versnað til muna.

Ef þessi fyrirhugaða breyting verður hins vegar að veruleika telja Bændasamtökin óumflýjanlegt og þau leggja mikla áherslu á að almenningssamgöngur verði samhliða teknar til gagngerrar endurskoðunar en það er skýlaus krafa Bændasamtakanna að úr þeim verði þá bætt. Þá þurfa að koma til aukin framlög vegna aukinna útgjalda vegna skólaaksturs framhaldsskólanema hjá heimilum og sveitarfélögum.

II.

Í frumvarpinu lagt til að lágmarksaldur til að mega stjórna dráttarvél verði hækkaður úr 15 árum í 16. Í núgildandi umferðarlögum nr. 50/1987 er kveðið á um að enginn megi stjórna dráttarvél nema hann hafi gilt ökuskírteini til þess að til að mega stjórna bifreið. Þá megi ekki veita þeim ökuskírteini til að mega stjórna dráttarvél, sem er yngri en 16 ára. Hins vegar er einnig kveðið á um að eigi þurfi ökuskírteini til að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf utan alfaravegar, enda sé ökumaðurinn fullra 15 ára. Tillaga um hækkun þessara aldursmarka er eingöngu til komin vegna hækkunar lágmarksaldurs til þess að mega að stjórna bifreið, sbr. athugasemdir um 56. gr. frumvarpsins.

Ekki verður séð að önnur rök hnígi til þess að þessi breyting verði gerð. Bændasamtökin leggja gegn því að aldursmörk til þess að mega að stjórna dráttarvél við landbúnaðarstörf verði hækkuð, en vilja samt sem áður gera það sem mögulegt er að gera til þess að stuðla að auknu öryggi þeirra sem nota dráttarvélar við landbúnaðarstörf.

Virðingarfyllt,
f.h. Bændasamtaka Íslands

Elías Blöndal Guðjónsson

